



# Mannauðsstefna

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

17. Janúar 2020



## **Mannauðsstefna þjóðgarðsins á Þingvöllum**

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er góður og eftirsóknarverður vinnustaður sem leggur áherslu á að vera með hæft starfsfólk með fjölbreytta reynslu. Þjóðgarðurinn leggur áherslu á að vera góður vinnustaður þar sem starfsmenn fá tækifæri til að vaxa og þróast í starfi.

Helstu áherslur þjóðgarðsins í mannauðsmálum eru:

- Áhersla er lögð á góðar vinnuaðstæður, góð samskipti og góðan starfsanda
- Að hvatt sé til starfsþjálfunar og endurmenntunar hjá starfsmönnum
- Að gætt sé samræmingar á vinnu og einkalífi
- Að jafnrétti sé til staðar
- Að farið sé að reglum í ráðningum og kjörum starfsmanna og komið sé til móts við þarfir starfsmanna við starfslok

Mannauðsstefnan skal yfirfarin á 2 ára fresti.

Þingvellir 17.01.2020

Þjóðgarðsvörður

Einar Á.E.Sæmundsen

**Aðgerðaráætlun þjóðgarðsins á Þingvöllum**

## Ráðningar, kjör og starfslok

- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á að ráða hæft og metnaðarfullt fólk til starfa sem er tilbúið til að takast á við krefjandi annir þjóðgarðsins og fylgir stefnu þjóðgarðsins um menningarminjar og náttúruvernd
- Lögð er áhersla á jafnt kynjahlutfall við ráðningar og í kjörum
- Lögð er áhersla á að ráða inn fólk á öllum aldri með mismunandi þekkingu og reynslu
- Þjóðgarðurinn fer eftir reglum við ráðningar, kjör og starfslok
- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á gott samstarf við stéttarfélög
- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á gott starfsumhverfi og góðan vinnuanda

Verkpáttur	Kvarði / mat	Hver ber ábyrgð	Tíðni
<b>Góð starfslýsing og hæfniskröfur við auglýsingu á störfum</b>	Starfsauglýsingar	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1 x á ári
<b>Greining kynjahlutfalla</b>	Starfsmannakerfi - listi	Rekstrarstjóri	1 x á ári
<b>Ráða það kyn sem hallar á í starfinu</b>	Mæling á fjölda kynja í starfi	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári / við ráðningu
<b>Áhersla á gott aldurshlutfall</b>	Skoðun	Rekstrarstjóri	1x á ári
<b>Starfslokaákvæði</b>	Uppsögn, skoðun	Þjóðgarðsvörður	1 x á ári

## Starfsþróun og þjálfun

- Lögð er áhersla á að starfsmenn hafi viðeigandi menntun í störfum
- Lögð er áhersla á að starfsmenn fái viðeigandi þjálfun í starfi
- Lögð er áhersla á að starfsmenn geti sótt sér endurmenntun eftir þörfum
- Starfsmenn eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári
- Lögð er áhersla á að starfsmenn geti samræmt nám og vinnu

Verkpáttur	Kvarði / mat	Hver ber ábyrgð	Tíðni
<b>Þarfagreining á menntun</b>	Mæling	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári

<b>Allir starfsmenn óháð kyni geta farið í endurmenntun tengt sínu starfi</b>	Fjöldi beiðna	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári
<b>Samræming vinnutíma og námsleyfa</b>	Mat	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári
<b>Viðeigandi þjálfun starfsmanna</b>	Þarfagreining	Rekstrarstjóri	1x á ári

### Samræming vinnu og einkalífs

- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu og einkalíf eins og kostur er
- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á að koma til móts við starfsmenn í veikindum, fæðingarlofi og við komu aftur í störf eftir veikindi
- Að starfsmenn geti unnið heima vegna fjölskylduaðstæðna ef því verður við komið vegna starfa

Verkþáttur	Kvarði / mat	Hver ber ábyrgð	Tíðni
<b>Tímabundin hlutastörf þegar því verður við komið vegna persónulegra aðstæðna eins og við meðgöngu eða veikindi</b>	Fjöldi beiðna	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1 x á ári
<b>Hvatning starfsmanna til að nýta fæðingarorlofsrétt og veikindarétt vegna barna</b>	Mat á nýtingu réttar	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári
<b>Mæta þörfum starfsmanna í veikindum</b>	Mat á beiðnum	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári
<b>Tryggja aðgengi að sama eða sambærilegu starfi eftir fæðingarorlof eða veikindi</b>	Mat á komum	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári
<b>Starfsmenn geti unnið heima vegna fjölskylduaðstæðna ef því verður við komið vegna starfa</b>	Mat á beiðnum	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x á ári

### Vinnuaðstæður, starfsandi og félagslíf

- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé heilsusamlegur og góður. Sjá nánar í öryggisáætlun þjóðgarðsins
- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á gott upplýsingaflæði
- Þjóðgarðurinn leggur mikið upp úr því að allir sýni hverjum öðrum virðingu
- Þjóðgarðurinn leggur áherslu á að starfsmenn njóti sanngirni við störf sín
- Allir á vinnustaðnum bera ábyrgð á góðum starfsanda
- Umboð starfsmanna til aukinnar starfsánægju er mjög vítt og hvetur þjóðgarðurinn til að láta vita ef þörf krefur

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum styður félagslíf innan vinnustaðarins með framlögum til starfsmannafélagsins og leggur áherslu á gott samstarf
- Þjóðgarðurinn hvetur starfsmenn til hreyfingar og greiðir líkamsræktarstyrki einu sinni á ári

Verkþáttur	Kvarði / mat	Hver ber ábyrgð	Tíðni
Heilsusamlegur vinnustaður	Áhættumat	Öryggistrúnaðarmaður / öryggisvörður / rekstrarstjóri	1 x á ári
Starfsánægja	Starfsmannafundir	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1x í mánuði

### Jafnrétti

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum leggur áherslu á að starfsmenn séu metnir að verðleikum óháð kyni. Þjóðgarðurinn metur alla starfsmenn jafnt óháð aldri, þjóðerni eða trú,
- Einelti og ofbeldi er aldrei liðið
- Sjá nánar jafnréttisstefnu þjóðgarðsins

Verkþáttur	Kvarði / mat	Hver ber ábyrgð	Tíðni
Er verið að framfylgja jafnréttisstefnunni	Aðgerðaráætlun	Þjóðgarðsvörður	1 x á ári
Þekkja allir starfsmenn jafnréttisstefnuna	Starfsmannafundir	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1 x á ári
Aðgangur að stefnunni ásamt öryggisáætlun inn á vefsíðu starfsmanna	Skoðun á notkun	Rekstrarstjóri	1x á ári
Að allir starfsmenn viti hvert þeir geti leitað	Starfsmannafundir	Þjóðgarðsvörður / rekstrarstjóri	1 x á ári